

Rétt þykir, að málskostnaður vegna frávísunarkröfu falli niður.

Ályktarorð:

Krafa varnaraðilja um vísun málsins frá dómi er ekki tekin til greina.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 20. ágúst 1982.

Nr. 163/1982. **Ákærvaldið**

gegn

Páli Konráði Konráðssyni Þormar.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. ágúst 1982, sem barst Hæstarétti 19. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. ágúst 1982.

Ár 1982, þriðjudaginn 17. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinsyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Páli Konráði Konráðssyni Þormar verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 25. ágúst nk., klukkan 1700.

Málavextir eru þeir, að um síðustu mánaðamót var framið innbrot að Fjólugötu 3 hér í borg og þaðan stolið skartgripum og ávísanaheftum. Rannsóknarlögreglu ríkisins hafa borist 9 ávísanir, samtals að fjárhæð kr. 20.000.00. Kærði hefur viðurkennt að hafa verið við drykkju ásamt Sigurpáli Eiríki Garðarssyni um verslunarmannahelgina og hafi sá greitt ferðalag þeirra félagi til Húsafells, Selfoss og Hveragerðis.

Nokkrar þeirra ávísana, sem borist hafa rannsóknarlögreglu ríkisins, voru notaðar til greiðslu á þessum stöðum. Á innbrotsstað fundust ummerki, sem benda til þess, að Sigurpáll hafi verið þar að verki. Ekki hefur Sigurpáll enn náðst.

Fyrr í kvöld var í sakadómi Reykjavíkur kveðinn upp úrskurður um húsleit að Óðinsgötu 8 A, heimili kærða, og við leitina fannst þar umslag, sem merkt er Sif og í voru fyrstadagsumslög og notuð frimerki. Rannsóknarlögregla ríkisins hafði í kvöld samband við Sif Sigurvinsdóttur, sem stödd er erlendis, og staðfesti hún, að á heimili hennar að Fjólugötu 3 hafi verið slíkt umslag.

Kærði hefur neitað allri vitneskju um innbrotið og notkun tékkanna.

Þar sem kærði er undir rökstuddum grun um þjófnað og skjala-fals, þykir með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald á hendur kærða til greina, enda má ætla, að kærði muni torvelda rannsókn málsins, ef hann hefur óskert frelsi.

Brot það, sem kærði er grunaður um, gæti varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Páll Konráð Konráðsson Þormar, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. ágúst 1982, klukkan 1700.
